



Fundargerð stjórnar HSI

Miðvikudaginn 3. október 2018



Fimmti fundur 61. stjórnar HSÍ var haldinn í fundarsal HSÍ, Íþróttamiðstöðinni Laugardal, miðvikudaginn 3. október 2018 kl.12.00

Mættir voru: Arnar Þorkelsson, , Guðmundur B. Ólafsson, Guðríður Guðjónsdóttir, Inga Lilja Lárusdóttir, Reynir Stefánsson, Þorbergur Aðalsteinsson og Þorgeir Haraldsson. Róbert Geir Gíslason, framkvæmdarstóri HSÍ sat fundinn og ritaði fundargerð.

Forföll: Davíð B. Gíslason, Hjalti Þór Hreinsson, Hjördís Guðmundsdóttir og Magnús Karl Daníelsson.

Fjarverandi: Enginn

Þetta gerðist:

1. Fundargerð síðasta fundar lögð fram til samþykktar
Fundargerð síðasta fundar var samþykkt.
2. 8 mánaða uppgjör
AP fór yfir 8 mánaða uppgjör sem lagt var fyrir stjórn.
3. Skýrsla framkvæmdastjóra
 - a. Starfsmannamál
RG kynnti stöðu starfsmannamála en Gunnar Magnússon hefur verið ráðinn í stöðu yfirþjálfara. Viðtöl eru í gangi varðandi markaðsstjóra og ganga þau vel.
 - b. Staða styrktaraðila
Nýr samningur var gerður við KFC. Samningur við Lengjuna og RJC eru á borðinu. Nýr samningur við Dominos var gerður í ágúst.
 - c. Landsleikir gegn Svíum
Kvennalandsliðið lék 2 landsleiki við Svía um síðustu helgi. Tvö töl en margt jákvætt.
 - d. Verkefni framundan
Karlandsliðið spilar 2 leiki í undankeppni EM núna í október. Jafnframt eru leikir hjá u-21 árs landsliði karla við Frakkland og u-17 ára landslið karla fer til Frakklands. Þá spilar kvennalandsliðið í nóvember í undankeppni HM.
4. Dómstóll HSÍ | Kæra Þróttar
Þróttur kærðu leik sinn við Víking vegna framkvæmdar leiks. Málið er í meðferð hjá dómstóli HSÍ.
5. Önnur mál
 - a. Innheimta eftirlitsmanna
Á síðasta formannafundi var umræða um að HSÍ myndi greiða eftirlitsmönnum laun. Ákveðið var að stjórn HSÍ myndi útbúa tillögu að útfærslu fyrir næsta keppnistímabil.
 - b. A landslið kvenna | Hrafnhildur Hanna
Hrafnhildur Hanna er í vandræðum með þátttöku í landsliðsverkefni vegna skólaskyldu í HÍ. GBO tekur málið að sér og óskar eftir fundi með rektor HÍ.
 - c. Þorgeir óskaði eftir því að mótanefnd muni skoða leiðir til þess að fjölda tvíhöfðum í efstu deildum. Málinu er vísað til mótanefndar til skoðunar.

Næsti fundur stjórnar HSÍ er miðvikudaginn 7. nóvember kl.12.00.



Fleira var ekki gert og var fundi slitið.

Róbert Geir Gíslason, fundarritari